

**3541. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
mánudaginn 4. september 2023 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Ákvörðun um forsendur fjárhagsáætlunar 2024.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi grunnforsendur vegna fjárhagsáætlunargerðarinnar vegna ársins 2024 og vegna tímabilsins 2025 til og með 2027.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

2. 2309001 - Starfsdagur bæjarskrifstofu 2023

Óskað er eftir heimild til að loka afgreiðslu bæjarskrifstofu Akraness frá kl. 12:00 til kl. 15:00 fimmtudaginn 5. október 2023 vegna starfsdags.

Bæjarráð samþykkir að bæjarskrifstofan loki frá kl. 12:00 til 15:00 þann 5. október nk.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð óskar eftir að gerðar verði ráðstafanir sem tryggja að erindi sem ekki þoli bið þennan dag verði sinnt þrátt fyrir lokun þjónustuvers.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

*Líf Lárusdóttir
Ragnar Sæmundsson*

Haraldur Benediktsson

Steinar Adolfsson